

Alþingi  
Erindi nr. P 132/787  
komudagur 8. 2. 2006



LANDSSAMBAND  
ÍSLENSKRA  
ÚTVEGSMANNA

Borgartúni 35  
105 Reykjavík  
Sími: 591 0300  
Fax: 591 0301  
www.liu.is

Nefndasvið Alþingis,  
v/sjávarútvegsnefndar,  
Austurstræti 8-10,  
150 Reykjavík.

[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Reykjavík, 7. febrúar 2006.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum. Þingskjal 387. - 353 mál.

Við er til bréfs sjávarútvegsnefndar þar sem okkur er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða.

Í athugasemdum með lagafrumvarpinu er því vel lýst hvaða óhagræði núverandi fyrirkomulag hefur í för með sér og þess vegna fögnum við því að tekið skuli á málinu. Við teljum hinsvegar að betra væri að koma til móts við þá sem rétt eiga samkvæmt umræddu lagaákvæði með því að aflétta því skilyrði að úthlutun leiði ekki til meiri heildaraflaheimilda en 450 þorskígildislesta og að heimilt verði að sameina "rétti" samkvæmt ákvæðinu þannig að úthlutun á einstakan bát geti orðið meiri en 10 lestir m.v. óslægðan fisk í slíkum tilvikum.

Verði ekki tekið tillit ofangreinds óskum við þess að ákvæðið um úthlutun aflaheimilda vegna réttarins samkvæmt frumvarpinu verði endurskoðað. Við teljum að eðlilegra væri að hver "réttur" gæfi aflahlutdeild í samræmi við það aflamark sem hann gæfi væri hann virkur nú, í stað þess að miða við meðaltal úthlutaðs aflamarks á fiskveiðiarunum 1999/2000 til 2005/2006 eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu. Almenna reglan við úthlutun aflaheimilda úr fiskistofnum skv. 8. grein laga um stjórn fiskveiða er að miða við aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila. Samkvæmt 5. og 6. grein laga nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands er miðað við veiðireynslu þriggja bestu veiðitímabila á undangengnum sex veiðitímabilum. Í báðum þessum tilvikum er þeim aðilum sem stunda veiðar úr viðkomandi stofnum ljóst hvaða veiðireynsla leiðir til úthlutunar. Í því tilviki sem hér um ræðir hafa þeir sem eiga rétt samkvæmt ákvæðinu en ekki nýtt hann ekki haft ástæðu til að ætla að réttur þeirra verði skertur með þeim hætti sem hér er gert ráð fyrir. Þá eru einnig dæmi um að einstaka útgerðarmenn hafa keypt rétt samkvæmt ákvæðinu en hafa ekki getað nýtt hann tímabundið. Sú regla sem lögð er til í frumvarpinu getur komið niður á viðkomandi aðilum með ósanngjörnum hætti en ljóst er að það er ekki tilgangurinn með breytingunum.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

Friðrik J. Arngrímsson framkvæmdastjóri